

Nd.

348. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 56, 31. maí 1927, um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson, Jón A. Jónsson,
Jóhann P. Jósefsson, Pjetur Ottesen, Jón Sigurðsson,
Bjarni Ásgeirsson, Gunnar Sigurðsson.

1. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Eigi skal byrja á byggingu þjóðleikhúss fyrir en 500000 kr. eru í þjóðleikhússjóði. Fram að þeim tíma skal fje sjóðsins lánað ríkissjóði til rekstrar ríkisútvarpi, er endurgreiði fjeð er þjóðleikhúsið þarf á því að halda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í ráði er, að ríkið takist á hendur að byggja og starfrækja fullkomna útvarpsstöð. Nú er þannig ástatt um fjárhag ríkissjóðs, að hann á allerfiðan hag, en hefir hinsvegar í mörg horn að líta. En þar sem hjer er um að ræða menningarstarfsemi, sem menn gera sjer miklar vonir um, að komi að miklum notum, verður að greiða fyrir þessu máli, eftir því er ástæður frekast leyfa.

Nú mun mega fullyrða, að ekki komi til mála, að þjóðleikhús verði bygt, fyr en að minsta kosti hefir safnast í sjóð þess hálf miljón króna.

Þar til sjóður þess hefir náð í það minsta þeirri upphæð, væri vel til fallið, að peningar hans yrðu að einhverju meira eða minna leyti notaðir til menningarstarfsemi. Og þar sem nú ríkissjóð skortir sje til þess að hrinda þessu fyrirtæki í framkvæmd, sýnist vel til fallið að heimila honum þessa notkun fjárins.